

28

1. apríl

ERINDISBRÉF

fyrir yfirullarmatsmenn.

1. gr.

Yfirullarmatsmennirnir skulu kynna sér sem bezt, hvernig á að verka, þurrka og flokka ull, svo að hún verði talin góð vara á erlendum markaði.

Þeir skulu einnig kynna sér þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir kaupendur, eða íslenzkir útflytjendur gera til ullarverkunar.

2. gr.

Yfirullarmatsmenn hafa yfirumsjón með mati á ull, sem flutt er út, hver í sínu umdæmi. Um flokkun og merking ullarinnar eru settar sérstakar reglur.

Þeir skulu gera út um ágreiningsmál, sem kunna að koma fyrir við ullarmatið. Ef hlutaðeigendur — eigendur eða útflytjendur ullarinnar — eigi sætta sig við úrskurð yfirullarmatsmanns, er þeim heimilt að skjóta máli sínu til ullarmatsformanns, sem þá kveður upp endanlegan úrskurð í málinu.

3. gr.

Yfirullarmatsmenn láta ullarmatsmenn framkvæma skoðun og mat á ullinni og merking ullarinnar. Einnig skulu þeir hafa yfirumsjón með pökkun og útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningsskipunum. Skulu þeir gæta þess, að hverri ullarsendingu fylgi vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sé skoðuð og flokkuð eftir réttum reglum. Sýslumaður eða hreppstjóri skal votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður eða ullarmatsmenn hafi undirritað vottorðið í hans viðurvist. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hver yfirullarmatsmaður skal hafa í þjónustu sinni svo marga ullarmatsmenn, sem hann álitur nauðsynlegt til þess að annast ullarmatið innan síns umdæmis, og skulu þeir skipaðir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir tillögum yfirullarmatsmanns.

Ullarmatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirullarmatsmanni samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá.

4. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sín ár hvert á ullartökutímanum, svo oft sem nauðsynlegt er, og skulu á þeim ferðum leiðbeina eftir beztu föngum þeim, sem hafa ull til útflutnings eða fást við ullarverkun.

5. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu, að svo miklu leyti, sem þeir geta, hafa eftirlit með vinnu ullarmatsmanna og sýni ullarmatsmenn vanrækslu eða hirðuleysi í störfum sínum við mat eða merkingu ullarinnar, hefir yfirullarmatsmaður rétt til að víkja þeim frá störfum fyrirvaralaust.

28

1. apríl

6. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu gæta þess, að ull sé ávallt metin, skoðuð og vegin í þurrum og þrífalegum vörugeymsluhúsum, þar sem er nægilega hjart.

Þeir skulu og gæta þess, að ullinni sé ekki skipað út, nema þegar þurrt er veður.

7. gr.

Yfirullarmatsmenn eru launaðir úr landssjóði samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933, um ullarmat. Þeim er stranglega bannað að taka á móti þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupendum eða útflytjendum ullarinnar eða umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningsskipunum.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, né kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig né aðra.

9. gr.

Nú verða yfirullarmatsmenn þess visir, að einhver ullarútflytjandi brýtur á móti ákvæðum nefndra laga frá 11. ágúst 1933, ber þeim þá að skýra hlutaðigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust.

10. gr.

Að afloknum starfstíma sínum ár hvert skal yfirullarmatsmaður senda ullarmatsformanni yfirlitsskýrslu yfir ullarmatið og störf sín á þar til gerðum eyðublöðum. Skýrslurnar skulu sendast ullarmatsformanni eigi síðar en 31. desember ár hvert.

11. gr.

Yfirullarmatsmenn rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlýða erindisbréfi þessu, og með alúð og samvirkusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þessari.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933,

28 um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

1. apríl Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf fyrir yfirullarmatsmenn frá 25. febrúar 1916.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

29

1. apríl

ERINDISBRÉF

fyrir ullarmatsformann.

1. gr.

Ullarmatsformaður, sem einnig er yfirullarmatsmaður í einum landsfjórðungi, skal hafa sem fullkonnasta sérþekkingu á öllu því, sem að ullarverkun, ullarmati og ullariðnaði lýtur, og skal hann vera ráðunautur landsstjórnarinnar í öllum málum þar að lútandi.

Hann skal af fremsta megni gera sér far um, að fylgjast með, og kynna sér breytingar þær, sem erlendir kaupendur, umboðsmenn þeirra hér á landi eða íslenskir útflytjendur, gera kröfu til, að framkvæmdar verði á ullarverkun og ullarmati.

2. gr.

Ullarmatsformanni skal skylt, að veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum, nauðsynlega fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar á hverjum tíma.

Fræðsla þessi skal látin í té með munnlegum viðræðum, greinum í viðlesnum blöðum, og útvarpserindum, og ber honum að tilkynna öllum yfirullarmatsmönnum allar fyrirhugaðar breytingar á ullarmati, eða öðru sem að starfi þeirra lýtur, áður en þær eiga að koma til framkvæmda.

3. gr.

Ullarmatsformaður skal í samráði við atvinnumálaráðuneytið, boða yfirullarmatsmenn og eftir atvikum ullarmatsmenn til sameiginlegra funda, er þurfa þykir.

Einnig getur ullarmatsformaður í samráði við atvinnumálaráðuneytið fyrirskipað undæmaskipti yfirullarmatsmanna, ef slík ráðstöfun er að hans áliti heppileg.